

Flugöryggisáætlun

Í flugöryggisáætlun er mörkuð stefna í flugöryggismálum á Íslandi. Markmið eru sett og eru áherslur skilgreindar sem miða að því að ná settum markmiðum. Framkvæmd áætlunarinnar er á forræði samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis og ábyrgð verkefna er skilgreind í verkefnaáætlun. Þessi áætlun byggir á Flugöryggisáætlun Íslands (State Safety Program, SSP) sem tekur mið af flugöryggisáætlun Evrópu og staðla Alþjóðaflugmálastofnunarinnar og hefur Samgöngustofa útfært hana og viðhaldið fyrir hönd ríkisins.

Stefna stjórnvalda í flugöryggismálum

Stjórnunarkerfi flugöryggis á Íslandi byggist á innleiðingu og beitingu ákvæða ICAO, ESB og EASA reglna. Öryggi er í forgangi en við lágmarkun áhættu er tekið tillit til fjárhags-, rekstrar-, umhverfis- og félagslegra þátta.

Yfirvöld í samvinnu við þjónustuveitendur stuðla að virkri öryggisstjórnun og hafa hagaðilar innleitt stjórnunarkerfi í því skyni. Þannig er unnið með stöðugum umbótum að auknu öryggi og skilvirkni ásamt lágmarkun neikvæðra umhverfisáhrifa.

Yfirvöld og hagaðilar útvega þær auðlindir og viðhalda þeirri sérfræðipækkingu sem nauðsynleg er, styðja við meginreglur um „sanngirnismenningu“ og stuðla að miðlun efnis og upplýsinga á sviði öryggismála.

Markmið og mælikvarðar


Markmið um öryggi í flugi eru tvö:

1. Að Ísland verði í hópi þeirra fimm Evrópuþjóða þar sem fæst flugslys verða m.v. flugtíma og fjölda hreyfinga.
2. Að flugslysum og alvarlegum flugatvikum fækki um 5% á ári

Fyrri markmiðið er í raun tvíþætt, þ.e. að til grundvallar eru tveir mælikvarðar. Annars vegar reiknum við fjölda flugslysa á íslenskum loftförum á hverja þúsund flugtíma og hins vegar reiknum við fjölda flugslysa á íslenskum loftförum á hverjar þúsund hreyfingar.

Árið 2018 varð ekkert flugslys á Íslandi, er það í fyrsta sinn frá árinu 1969 sem það gerist. Á árinu 2018 urðu einungis alvarleg flugatvik sem hefðu getað leitt til slysa. Því er ljóst að sá árangur skipar Íslandi meðal bestu þjóða í flugöryggi og er það áskorun næstu ára að halda þeim góða stað.

Fjöldi flugslysa og alvarlegra flugatvika



Mynd 1. Fjöldi flugslysa og alvarlegra flugatvika ásamt markmiðum þar um.

Áherslur

Öryggismálum í flugi er fyrst og fremst miðstýrt frá Flugöryggisstofnun Evrópu (EASA) og Alþjóðaflugmálastofnuninni (ICAO). Því er helsta áherslan á að standast kröfur þeirra og úttektir. Áherslur sem snúa að öryggi í flugi eru þessar:

- a) Innleiðing á alþjóðlegum kröfum varðandi alla flugstarfsemi
- b) Séð verði til þess að reglusetning, verklag og mannauður uppfylli alþjóðlegar kröfur og standist úttektir alþjóðastofnana
- c) Eftirlit með leyfishöfum taki mið af áhættu- og frammistöðugreiningu þeirra, bæði hvað varðar áherslur og tíðni
- d) Skráning á flugatvikum og flugslysum verði í samræmi við alþjóðlegar kröfur og tölfærði þeirra nýtt til þess að fylgjast með þróun flugöryggis
- e) Atvikatilkynningum í einkaflugi verði fjölgað til muna og búið verði svo um að tilkynning flugatvika í einkaflugi verði eðlilegur hluti af rekstri flugvélar
- f) Forvarnir og fræðsla í flugi taki mið af þróun skv. atvikaskráningu sem og mati sérfræðinga